

FJÁRMÁLATÍÐINDI

TÍMARIT UM EFNAHAGSMÁL

GEFIÐ ÚT AF SEDLABANKA ÍSLANDS

RITSTJÓRAR: BIRGIR ÍSL. GUNNARSSON

STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON

SÍÐARA HEFTI 1998

Veffang: <http://www.sedlabanki.is>

Efnisyfirlit

- 83 *Birgir Ísl. Gunnarsson*
- 85 *Stefán Jóhann Stefánsson*
- 87 Peningastefnan á Norðurlöndum:
Ramma, vísbendingar og stjórnþæki
Arnór Sighvatsson og Már Guðmundsson
- 101 Sparnaður á Íslandi
Þórhildur Hansdóttir Jetzek
- 121 Fjármálastefna íslenskra stjórnvalda, 1960-1998
Björn R. Guðmundsson og Gylfi Zoëga
- 136 Kynslóðareikningar fyrir Ísland 1994 til 1996
*Gylfi Magnússon, Haukur C. Benediktsson,
Marta G. Skúladóttir og Tryggvi Þór Herbertsson*
- 153 Mat á þjóðhagslegum áhrifum stóriðju á Íslandi 1966-1997
Páll Harðarson
- 168 Leikjafræði - leikur eða fræði?
Gylfi Magnússon
- 180 Hagstjórn og hagvaxtarhorfur við upphaf nýrrar aldar
Þorvaldur Gylfason

*Umbrot: Seðlabanki Íslands
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja hf.
Bókband: Bókavirkid hf.*

Breytingar á fjármagnsmarkaði

Um síðustu áramót urðu margar mikilvægar breytingar á fjármagnsmarkaðnum sem vafalaust eiga eftir að hafa mikil áhrif þegar fram líða stundir. Hér verður gerð nokkur grein fyrir þeim helstu breytingum sem um ræðir.

Viðskiptabankar ríkisins voru lagðir niður og nýir hlutafélagabankar tóku við rekstri og starfsemi þeirra. Landsbanki Íslands var stofnaður með lögum árið 1885 og hóf starfsemi árið 1886. Búnaðarbanki Íslands var stofnaður með lögum árið 1928 og hóf starfsemi 1929. Þeir hafa nú verið gerðir að hlutafélögum. Allt hlutafé beggja þessara banka er í eigu ríkissjóðs og sala á því er óheimil án samþykkis Alþingis. Viðskiptaráðherra getur þó heimilað útboð á nýju hlutafé til að styrkja eiginfjárstöðu hvors um sig. Samanlagður eignarhlutur annarra en ríkissjóðs má þó ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvor-um bankanum um sig. Viðskiptaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í þessum hlutafélagaböndum. Þrátt fyrir takmarkanir á sölu hlutafjár má ætla að þessi breyting sé upphafið að því að bankarnir verði seldir einkaaðilum í áföngum.

Fjárfestingarlánasjóðir sem tengdust ákveðnum atvinnugreinum hafa lengi starfað á Íslandi. Fiskveiðisjóður Íslands var stofnaður með lögum árið 1905. Iðnlánasjóður var stofnaður með lögum árið 1935

og Iðnþróunarsjóður var stofnaður með samningi Norðurlandanna árið 1969 í tengslum við inngöngu Íslands í EFTA. Þá var og starfandi hér Útflutningslánasjóður sem stofnaður var með lögum 1970 og voru stofnendur Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður en síðastnefndi aðilinn keypti síðar hlut annarra eigenda.

Allir þessir sjóðir voru lagðir niður um sl. áramót og nýjar lánastofnanir tóku við hlutverkum þeirra. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. (FBA) tekur við stærstum hluta af eignum Fiskveiðisjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Þegar er ljóst að Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. mun veita mun fjölbreyttari þjónustu en sjóðirnir gerðu. Seðlabankinn hefur t.d. veitt honum ótakmarkað leyfi til gjald-eyrisviðskipta og hefur hann þegar tekið til starfa á gjaldeyrismarkaði. Bankinn mun lúta eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Ríkissjóður er eigandi alls hlutafjár í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og fara sjávarútvegsráðherra og iðnaðar-ráðherra saman með eignarhlut ríkisins. Heimilt er að selja allt að 49% hlutafjár ríkissjóðs í FBA hf. og af lagatextanum má ráða að það verði gert fyrr en seinna.

Hluti af eignum fjárfestingarsjóðanna þriggja mun renna til nýrrar stofnunar sem jafnframt tók til starfa um áramótin. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NA) fær

4000 m.kr. af eignum sjóðanna og að auki 1000 m.kr. af væntanlegu söluandvirði hlutaftjór ríkissjóðs í FBA hf. Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé eða veita lán, ábyrgðir eða styrki. Við Nýsköpunarsjóðinn er starfrækt deild sem nefnist Tryggingadeild útflutningslána. Hún tekur við starfsemi Útflutningslána sjóðs sem lagður var niður um áramótin. Eigið fé vöruþróunar- og markaðsdeildar sem starfað hefur við lánlána sjóð skal mynda sérstaka deild við NA en telst ekki til eigin fjár NA að öðru leyti. Þessu fé skal ráðstafað í þrjú ár til framlaga á sviði vöruþróunar og markaðsmála. Síðan skal deildin lögð niður og eigið fé, ef eitthvert verður eftir, lagt til NA. Bankaefirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Stofnlánadeild landbúnaðarins sem stofnuð var árið 1962 var jafnframt lögð niður um áramótin og ný stofnun, Lána sjóður landbúnaðarins, tók við eignum og skuldbindingum hennar. Skorið hefur verið á tengslin við Búnaðarbanka Íslands og sjóðnum kjörin ný stjórn ótengd bankaráði Búnaðarbanka Íslands hf. Lána sjóður landbúnaðarins starfar samkvæmt sérstökum lögum svo og lögum nr. 123/1993 um aðrar

lánastofnanir og mun lúta eftirliti bankaefirlits Seðlabanka Íslands.

Nú þegar þessar breytingar hafa verið gerðar á fjármagnsmarkaðnum bíður mikið og vandasamt verkefni. Ljóst er að sala hlutaftjór mun hefjast áður en langt um liður og næstu skref þarf því að vanda mjög vel. Nauðsynlegt er að hafa ákveðin markmið að leiðarljósi í því ferli. Tryggja verður virka samkeppni á fjármagnsmarkaðnum, en þó verður að gera ráð fyrir að sameining stofnana geti átt sér stað að vissu marki til að ná fram aukinni hagkvæmni og arðsemi í bankakerfinu. Í því sambandi hlýtur sú spurning að vakna hvort ríkisvaldið sem eigandi þriggja öflugra stofnana eigi að taka forystu í þeim efnum eða hvort nauðsynlegt sé að fá öflugra stofnanafjórfaða sem verði leiðandi í væntanlegri endurskipulagningu. Síðarnefnda leiðin kann aftur að hafa í för með sér að ríkissjóður geti síður hámarkað verðmæti eignar sinnar við væntanlega sölu. Dreifð eignaraðild á vafalaust einnig eftir að koma upp í þessari umræðu þegar farið verður að huga að sölu. Af framanrituðu má sjá að hér er engan veginn um einföld mál að ræða og æskileg markmið kunna að einhverju leyti að rekast hvert á annað. Meginatriðið verður að tryggja virka samkeppni og hagræðingu í rekstri lánastofnana.

B.Í.G.